

# Vikufréttir

Vika 6 (8.02.2021 – 12.02. 2021)

## Mánudagur

- ✓ Nemendaráðsfundur kl.14:00
- ✓ Hreyfi - og heilsudagar hefjast 8. – 19. feb.

## Þriðjudagur

- ✓ Skólapúls í 8.b kl.10:40
- ✓ Skólapúls í 6.b kl.12:50
- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl.14:30
- ✓ Rannsóknir og greining leggja könnunina Ungt fólk fyrir nemendur í 5. – 10.bekk dagana 9. – 11.feb. Kannað verður hagir og líðan barna í grunnskólum á Íslandi.
- ✓ Netöryggisdagur SAFT - Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB.

## Miðvikudagur

- ✓ Skólapúls í 9.b kl.10:15
- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl.14:30
- ✓ Náum áttum – morgunfundur frá kl.8:15 – 10:00 á ZOOM. Fundur um notkun nikótínþúða í samfélaginu. Nánar inn á [www.naumattum.is](http://www.naumattum.is)

## Fimmtudagur

- ✓ Skólapúls í 10.b kl.10:40
- ✓ Skólapúls í 7.b kl.11:20
- ✓ Stigsfundur á unglingsstigi kl.14:30
- ✓ 100 daga hátíð á yngsta stigi – Uppbrotsdagur.  
Hátíð haldin í tilefni þess að nemendur hafa mætt í 100 daga í skólann.
- ✓ Alþjóðlegi dagur kvenna og stúlkna í vísindum.

## Föstudagur

- ✓ Hópurinn „Fokk me – Fokk you“ mun fræða nemendur í 8. – 10.bekk um sjálfsmynd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna.

## Spakmæli:

„Lífið hendir þig ekki, lífið er handa þér“

## Annað:

Heilsuteymi skólans ákvað að í ár skyldi Grunnskólinn í Borgarnesi hvíla Lífshlaupið og setja á legg okkar eigin hreyfi- og heilsudaga. Heilsuteymið setti upp þrjár brautir sem nemendur og starfsfólk eru hvött til að fara í að lágmarki einu sinni á dag næstu 2 vikur eða til 19.febr.

*Braut 1* - Göngutúr frá skóla og niður í Skallagrímssgarð þar sem æfingar hafa verið hengdar á bekkinn við gosbrunninn. Gerið æfingarnar og haldið svo áfram á næstu stöð sem er á Bjössaróló. Þar eru æfingar hengdar á bláu stóru róluna. Gerið æfingarnar og haldið á næstu stöð sem er í Englendingavík. Þar eru æfingar hengdar á bekkinn sem er undir klettunum. Gerið æfingarnar og haldið áfram upp í skóla. Þá er brautinni lokið.

Skallagrímssgarði eru: Sprellikarlahopp og armbeygjur.

Bjössaróló eru: Dýfur og froskahopp

Englendingavík eru: Planki og hnébeygjur

Yngsta stigið 10 sinnum. Miðstigið 20 sinnum. Unglingastigið 30 sinnum. Eða eftir aðstæðum hverju sinni.

*Braut 2* - Göngutúr frá skóla og niður á Skallagrímssvöll. Þar gangið þið eða hlaupið eftirfarandi vegalengdir: Yngsta stig fer 3 hringi, miðstig fer 5 hringi og elsta stig fer 7 hringi. Gangið svo upp í skóla. Þá er brautinni lokið.

*Braut 3* - Gangið niður á Skallagrímssvöll og að stiganum sem liggur upp í skóla. Gangið upp og niður stiganum: Yngsta stig 2 ferðir, miðstig fer 4 ferðir og elsta stig fer 6 ferðir.

## Lesskilningsátak

Nú förum við aftur af stað með lestrarátak á yngsta og miðstigi en að þessu sinni snýr það aðallega að lesskilningi. Því leitum við aftur til ykkar kæru foreldra/forráðamenn og biðjum ykkur um að taka þátt í átakinu með okkur. Við höfum fulla trú á að átakið skili árangri ef vel er að staðið. Góð lestrarkunnátta skapar barninu betri forsendur í framtíðinni hvort sem er í námi eða starfi.

Nemendur á yngsta stigi hafa núþegar hafið átakið en á næstu dögum koma nemendur á miðstigi heim með lesskilnings- og verkefnahefti sem vinna á heima. Átakið byggir á því að nemendur fá hefti heim með lesskilnings- og hraðlestrartextum sem þeir eiga að lesa. Að loknum lestir vinna þeir tengd verkefni í verkefnaheftinu. Eins og oft hefur verið bent á þurfa börn meiri þjálfun en hægt er að veita þeim í skólanum til að ná nægilega góðum tókum á lestri. Því er heimalestur mikilvægur og gegna foreldrar þar stóru þjálfunarhlutverki í lestrarferlinu.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir